

## FUNDARGERÐ

### **61. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn mánudaginn, 17. nóvember 2008, kl. 15:30, í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, Bolholti 6, Reykjavík.**

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Sigurjón Mýrdal og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Meyvant og Sigurlína boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Staða fjármála félagsins. Gjaldkeri greindi frá því að innheimta félagsgjalda gengi vel, en gjaldagi var 4. nóv. með eindaga 20. nóv. nk. Námskeið sem félagið hefur haldið að undanfögnu hafa staðið undir sér.
3. Öflun nýrra félaga. Formaður lagði til að litið yrði til ákveðinna hópa og þeim boðin félagsaðild, s.s. meistara- og doktorsnema og nýrra starfsmanna á sviði menntunarfræða við háskólana, einkum HÍ og HA. Einnig yrði kannaður áhugi á félagsaðild meðal starfsmanna skólaskrifstofa sem eru í félagi þeirra Grunni. Formaður tók málið að sér.
4. Tímarit Félags um menntarannsóknir. Formaður bar þau skilaboð frá ritstjóra tímaritsins að stefnt væri að útkomu næsta rits fyrir jól, en það er nú í prófarkarlestri.
5. Námskeið og fræðslufundur. Nýlega voru haldin námskeið á vegum félagsins í forritunum Word og Excel. Þátttakendur voru 9 til 10 á hvoru námskeiði. Umsjón með námskeiði um Word var í höndum Baldurs Sigurðssonar, dósents við HÍ. Almar Halldórsson, sérfræðingur á Námsmatsstofnun, sá um námskeiðið um Excel. Samþykkt að halda námskeið um SPSS, Nvivo og Power Point eftir áramót, t.d. upp úr miðjum janúar. Aðilar hafa fengist til að sjá um þessi námskeið. Meyvant og Sigurjón eru að skoða möguleika á fræðslufundum í samvinnu við sérgreinafélög kennara.
6. Undirbúningur vegna næsta aðalfundar. Samkvæmt lögum félagsins á að halda aðalfund fyrir 15. mars á næsta ári. Ákveðið að stefna að aðalfundi á tímabilinu 15. febrúar til 15. mars 2009.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn eftir áramót, eða fyrir miðjan janúar 2009.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:45.  
G.G.Ó.